

Mosfellsbær  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 10. nóvember 2023  
UST202310-377/P.V.B.  
09.04.00

### **Efni: Leyfi til framkvæmda göngustígar Bringur**

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Mosfellsbær, dagsett 18. september 2023, um leyfi til framkvæmda innan fólkvangsins Bringur.

Bringur eru friðlýstar sem fólkvangur sbr. [auglýsingu nr. 528/2014](#). Óheimilt er að spilla gróðri eða trufla dýralíf af ásetningi og gáleysi innan marka fólkvangsins. Viðhalda skal náttúrulegu gróðurfari og við uppgræðslu skal tryggt að líffræðilegri fjölbreytni svæðisins sé ekki raskað. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir og menningarminjar í fólkvanginum. Öll mannvirkjagerð, jarðrask og önnur breyting á landi innan marka fólkvangsins er óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar, og í samræmi við samþykktar skipulagsáætlanir og samþykktar verndaráætlun. Óheimilt er að byggja varanleg mannvirki á landinu. Varðandi allar framkvæmdir á verndarsvæðinu ber að fylgja ákvæðum 38. gr. laga um náttúruvernd.

#### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til stikunar gönguleiða, setja ecorastik í stíga og loka stíg sem er orðin hættulegur og of brattur. Kort sem sýnir legu stígsins sem framkvæmdir færu fram á fylgdi með umsókn. Framkvæmdinni er skipt í þrjá áfanga. Í fyrsta áfanga yrði lagður 150 metra langur stígur sem kæmi í framhaldi af núverandi stíg sem liggur frá bílastæðinu áleiðis að Helgufossi. Nýi stígurinn yrði um 80 cm breiður. Í stígastæðinu er gert ráð fyrir um 60 tröppum niður brekku sem stígurinn liggur um. Handgrafið yrði fyrir stígstæðinu, jarðvegur fluttur burtu og 0-25 mm göngustígamöl lögð í stíginn. Þar sem brattinn er mestur yrðu settar ecorastik plastmottur og fylltar með göngustígamöl. Tröppur yrðu smíðaðar úr „cortens“ járn. Tröppurnar/ramminn verður 72 cm breiða með 18 cm uppstigi. Dýpt þeirra færi eftir hallanum á brekkunni. Inn í tröppurnar verður settur grófur mulningur og steinar. Í öðrum áfanga yrði haldið áfram með stíginn eftir slóða sem liggur til vinstri í átt að „dalbotni“. Þessi kafli væri um 60-70 metra langur og myndi enda í um 50-60 metra fjarlægð frá Helgufossi. Hér yrði handgrafið fyrir stígstæði og lögð mól og mottur á sama hátt og í fyrsta áfanga. Smíðuð yrði 6-8 metra löng einföld plankabru yfir læk sem þverar stígstæðið. Í þriðja áfanga yrði leið sem er rauðmerkt á korti sem fylgdi með umsókn lokað.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á gesti, náttúrufer og verndargildi til lengri tíma litið sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Á framkvæmdartíma og á meðan

sár í gróðurþekju eru að jafna sig munu verða einhver áhrif á gesti. Til lengri tíma litið metur stofnunin að framkvæmdin muni draga úr ágangi gesta utan stíga og minnka rask á svæðinu.

### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Mosfellsbær fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdinni innan fólkvangsins Bringur sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið í eitt ár frá dagsetningu þessa bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á framkvæmdarstað þar sem tilgreindur er framkvæmdartími og bent á hjáleiðir ef við á.
- Stígar og tröppur skulu falla vel að umhverfinu.
- Umframjarðvegur sem tekin yrði úr stígstæðinu og ekki verður nýttur við framkvæmdina skal haugsettur utan fólkvangsins
- Nota skal staðargróður og grjót af svæðinu við frágang á köntum á stígum. Ef til stendur að sá í gróðursár og mól í plastgrindunum þá skal notast við fræ frá tegundum sem finnast á svæðinu.
- Sinna skal viðhaldi á gönguleiðunum eftir þörfum.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skulu plastgrindurnar fjarlægðar.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

### **Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Sigrún Ágústdóttir  
*forstjóri*

René Biasone  
*sérfræðingur*